

# Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

## Lokaskýrsla verkefnis 2018-2020

**Heiti verkefnis: Atvinnutengt nám á unglíngastigi**

**Ábyrgðarskóli verkefnis: Sjálandsskóli**

**Þátttakendur: Valdir nemendur í 8. -10. bekk**

**Verkefnastjórar: Sigríður Guðrún Guðmundsdóttir og Elfa Hrönn Friðriksdóttir.**

### Markmið verkefnisins:

Yfirmarkmið verkefnisins er að tengja nemendur á unglíngastigi við atvinnulífið. Nemendur sem þurfa stuðning í bóklegu námi eða nemendur sem hafa af einhverjum orsökum dregist aftur úr námi, eru þeir sem við setjum í forgang í verkefninu. Við teljum það mjög góðan kost að tengja þessa nemendur við atvinnulífið. Markmiðið er einnig að styrkja sjálfsmýnd og efla sjálfstraust þessara nemenda, efla umhverfislæsi þeirra og gefa þeim ný tækifæri til að blómstra og dafna í sínum störfum.

### Lýsing á framgangi verkefnisins:

Vorið 2018 fékk Sjálandsskóli styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar sem bar yfirskriftina „*Atvinnutengt nám á unglíngastigi*“. Markmið verkefnisins var að tengja nemendur á unglíngastigi við atvinnulífið eins og fyrr sagði. Nemendur fara úr kennslustundum í hverri viku og sækja vinnu í fyrirtækjum eða öðrum vinnustöðum sem gerður er sérstakur samningur við. Í staðinn fá þeir afslátt af námi í bóklegum greinum eða leyfi úr einstökum námsgreinum. Verkefnið er miðað að hverjum og einum fyrir sig eða þeim nemendum sem óska eftir að vera með eða er boðin þátttaka. Fyrirtækið Elko samþykkti að taka við nemendum okkar strax á haustmánuðum 2018. Verkefnið gekk mjög vel þann vetur. Elko tók til sín tvo nemendur úr 10. bekk og gekk það mjög vel. Viðveran var 2 tímar á viku. Haustið 2019 var lagt af stað aftur í samstarf við Elko og stundaði nemandi í 10. bekk þar vinnu í tvo tíma vikulega. Við bættist vinnustaðurinn Leikskólinn Sjáland í Garðabæ þar sem nemandi í 10. bekk fékk vinnu 2 tíma í viku við aðstoð í útiveru og hópastarfi inn á deild. Verkefnið gekk vel í vetur og þeir nemendur sem tóku þátt voru ánægðir með fyrirkomulagið. Þátttakendur hlökkuðu til vinnudagsins og verkefnanna sem þeir fengu

úthlutað í vinnunni. Þeirra ánægja skilaði sér beint inn í skólastarfið. Vegna Covid19 þurftu nemendur að hætta í vinnunni þegar samkomubann var sett á vegna öryggis og lokana á vinnustöðunum.

## **September 2018 - maí 2019**

*Tveir nemendur í 10.bekk störfuðu hjá Elko í Lindum, Kópavogi.*

- Verkefnið Atvinnutengt nám kynnt fyrir nemendum og foreldrum þeirra á fundi.
- Reynt að fá fyrirtæki til liðs við okkur og verkefnið kynnt fyrir ýmsum aðilum. Fengum eitt fyrirtæki til liðs við okkur, Elko í Lindum.
- Samningur milli nemenda, foreldra og verkefnisstjóra útbúinn og haldinn fundur með öllum aðilum.
- Fundur var haldinn á skrifstofu Elko með verkefnastjórum og verslunarstjóra. Þar voru lögð drög að verkefnum nemendanna í fyrirtækjunum, nemendur kynntir og útskýrt hvað hægt væri að ætlast til af þeim.
- Verkefnastjóri fór með nemendunum fyrst í heimsókn á vinnustaðinn og nemendum kennt á strætóleiðir. Á vinnustaðnum fengu þeir kynningu almennt á fyrirtækinu og var það verslunarstjórinn sem stýrði því.
- Eftirfylgd og upplýsingagjöf var á báða bóga milli verkefnisstjóra og ábyrgðaraðila í Elko allan veturinn.
- Endurmat var um áramót, haldinn fundur og báðir aðilar tilbúnir að halda verkefninu áfram til vors.
- Verkefninu lokað þetta skólaár og nemendur fengu vitnisburð um vel unnin störf á útskriftarskírteini sínu.
- Laun nemenda voru greidd af Garðabæ og gekk það vel fyrir sig. Verkefnastjóri sendi fyrir 14. hvers mánaðar yfirlit yfir unna tíma og fengu þátttakendur greitt inn á sinn launareikning.

## September 2019 - mars 2020

*Tveir nemendur úr 10. bekk voru þátttakendur í verkefninu þetta skólaár. Annar nemandinn starfaði hjá Elko í Lindum, Kópavogi og hinn starfaði á Leikskólanum Sjálandi, Garðabæ.*

- Verkefnastjórar völdu þrjá nemendur sem þóttu hæfa vel markmiðum verkefnisins.
- Verkefnið Atvinnutengt nám kynnt fyrir þeim og foreldrum þeirra á fundi. Tveir af þessum þremur nemendum þáðu boðið um þátttöku í verkefninu.
- Reynt að fá fyrirtæki til liðs við okkur og verkefnið kynnt fyrir ýmsum aðilum. Við höldum áfram samstarfi við Elko, Lindum og fengum annan vinnustað með okkur í lið og það var Leikskólinn Sjáland í Garðabæ.
- Samningur milli nemenda, foreldra og verkefnisstjóra útbúinn og haldinn fundur með öllum aðilum.
- Fundur var haldinn á skrifstofu Elko með verkefnastjórum og verslunarstjóra. Þar voru lögð drög að verkefni nemandans í fyrirtækinu, nemandinn kynntur og útskýrt hvað hægt væri að ætlast til af honum. Einnig fór verkefnisstjóri á leikskólann Sjáland á fund með leikskólastjóra og farið yfir hvaða verkefni nemandinn fengi og hvað hægt væri að ætlast til af honum.
- Verkefnastjóri fór með nemendunum fyrst í heimsókn á vinnustaðina og nemendum kennt á strætóleiðir. Á vinnustaðnum fengu þeir kynningu almennt á fyrirtækinu og var það verslunarstjórinn annars vegar í Elko og leikskólastjórinn hins vegar á Leikskólanum. Nemandinn sem starfaði í leikskólanum skrifaði undir þagnareið og fékk fræðslu um hann.
- Eftirfylgd og upplýsingagjöf var á báða bóga milli verkefnisstjóra og ábyrgðaraðila í Elko og Leikskólanum Sjálandi allan veturinn.
- Endurmat var um áramót, haldinn fundur og báðir vinnuveitendur tilbúnir að halda verkefninu áfram til vors.
- Á menntadögum Garðabæjar í október héldu verkefnastjórar fyrirlestur og kynntu verkefnið og hvernig hafi til tekist. Mikil og góð umræða skapaðist eftir fyrirlesturinn og allir viðstaddir sammála um mikilvægi þess að hafa svona tækifæri í öllum unglingsáætlunum.

- Vegna Covid 19 og samkomubanns var sameiginleg ákvörðun að hætta verkefninu tímabundið meðan hlutirnir skýrðust. Einnig var svo tekin sameiginleg ákvörðun um að láta nemendur ekki mæta aftur eftir samkomubann þar sem stutt er í skólalok.
- Verkefninu lokað þetta skólaár og nemendur fá vitnisburð um vel unnin störf á útskriftarskírteini sínu.
- Laun nemenda voru greidd af Garðabæ og gekk það vel fyrir sig. Verkefnastjóri sendi fyrir 14. hvers mánaðar yfirlit yfir unna tíma.

### **Hindranir frá upphaflegri áætlun:**

Helstu hindranirnar voru þær að fá fyrirtæki í nærumhverfi skólans í samstarf. Ef fulltrúar fyrirtækja/stofnana voru til í að hugsa málið, þá þurftum við oft að bíða lengi eftir svári og jafnvel fengum ekki svar.

Einnig var viðhorf foreldra þeirra nemenda, sem við töldum að myndu henta í þetta samstarf töluverð hindrun. Sumum fannst störfin ekki við hæfi, væru of auðveld eða vildu ekki að barn sitt myndi missa hluta af tíma í skólanum.

### **Mat á verkefninu**

Verkefnið gekk mjög vel. Nemendur voru alsælir með vinnustaðina og fyrirkomulagið og hlökkuðu mikið til að fara í vinnuna. Samskiptin við Elko og Leikskólann Sjáland gengu mjög vel. Stefnan er að halda áfram verkefninu næsta haust.

**Heildarupphæð styrks: 800.000 kr.**

**Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:**

<b>Dagsetning</b>	<b>Kostnaðarliður</b>	<b>Upphæð</b>
Maí 2019	Samanlagður launakostnaður beggja verkefnisstjóra fyrir 2018-2019. Búið að greiða.	260.000 kr.
Maí 2020	Laun fyrir 2019-2020 40 tímar x 6500 (Sigríður G. Guðmundsdóttir)	260.000 kr.
Maí 2020	Laun fyrir 2019-2020 40 tímar x 6500 (Elfa Hrönn Friðriksdóttir)	260.000 kr.

---

Dagsetning og staður

Verkefnastjórar

---

Dagsetning og staður

Skólastjóri

